

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

14. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 31 ÁGÚST 2012.

Mæting:

Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Jón Ingi Skúlason, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þ Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Efnahags-og kjaramál Gylfi Arnbjörnsson.
3. Staða húsnæðismála.
4. Trúnaðarráðstefna.
5. Fjárhagsmál.
6. Orlofshús.
7. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Staða kjaramála.

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ ræddi stöðu efnahags-og kjaramála, eins hvort forsendur kjarasamninga væru brostnar. Jákvætt er, kaupmáttur launa hefur aukist og gengi krónunnar styrktist til loka árs 2011. Þá hefur kaupmáttur lámárgs kauptaxta aldrei verið hærrí.

Ýmis önnur atriði kjarasamnings s.s. samræming lífeyrissréttinda 2014-2020, hafa ekki gengið eftir, eins hækkun bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Eins hefur ekki verið staðið við endurskoðun á tekju- og eignartengingum barna- og vaxtabóta. Þá gengur jöfnun lífeyrissréttinda í almennu sjóðnum við opinberu sjóðina hægt, þá gengur mjög svo hægt endurskoðun á lífeyriskerfinu í heild sinni.

Atvinnuleysi er um 12%. Fyrir hrun voru um 180 þúsund manns á vinnumarkaði, og hefur þeim ekkert fjölgað þó okkur íslendingum fjöldi ár frá ári.

3. Staða húsnæðismála.

Í sumar var farið yfir húsnæðismálin, vegna þeirrar stöðu sem uppi er varðandi bókkagerðamenn um að flytja að Stórhöfða 31.

4. Trúnaðarmannaráðstefnan 2012.

Að venju haldið á Selfossi 2 dagsetningar koma til greina 25-26 okt og 8-9 nóvember 2012.

25-26 október talin betri dagsetning og var það samþykkt.

Rætt var, hvort ekki væri hægt að halda trúnaðarráðstefnuna í Reykjavík og þá í Rafiðnaðarskólanum. Stærðarlega séð er það hægt, en talið að hópurinn muni tvístrast meira ef ráðstefnan yrði haldin í Reykjavík.

Fundarefni á ráðstefnunni verður m.a. kjarasamningar og fleira.

5. Fjárhagsmál.

a) Kynnt var tekjuuppgjör aðildarfélaganna jan-júlí 2012. Talsverð tekjuaukning hefur orðið hjá flestum félögum. Og alls hefur tekjuaukningin milli árána 2011 og 2012 hækkað um 11%.

b) Styrktarsjóður. Tegund styrkja –fjöldi styrkþega janúar til ágúst. Alls námu styrkir á tímabilinu janúar-ágúst kr.-84.640.345

6. Orlofshúsamál.

Breyting á leigutekjum milli ára. Tekjulækkun um 1% á milli ára 2011 og 2012.

Nýting á orlofshúsunum hefur verið með ágætum í þeim flestum eða allt að 90% nýting.

Lélegust er nýtingin að Klifabotni eða aðeins 14%. Leigðir dagar voru 90. Kannski er það vegna þess að enginn pottur er við húsið. Skoða með hvort hægt verður að bæta úr því.

Vaglaskógur.

Búið að rífa gamla húsið og framkvæmdir hafnar við það nýja.

7. Launakönnun.

Stefnt að gera launakönnun eins og undanfarin ár og ætlunin að fá tilboð í verkið. Könnunin þarf að vera tilbúin fyrir trúnaðarmannaráðstefnuna.

8. Önnur mál.

b) Námskeið verður haldið í G-mail og Google drive dagana 17-18 september og 24-25 september. Og verður það í Rafiðnaðarskólanum.

c) Rætt var um kaup á 4. hæð Stórhöfða 27, málinu vísað til 200 þúsund naglbíta til úrlausnar og veitt heimild til að ganga frá málinu fyrir hönd RSÍ.

Fundarplan miðstjórnar.

Næsti fundur 21 september og þarnaest 12 október.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl 16.45.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.